

Ómar Örn Bjarnþórsson

## **Skipunarbréf í umdæmisráð barnaverndar í Kraganum.**

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal sveitarstjórn skipa umdæmisráð barnaverndar til fimm ára. Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes hafa gert samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum og komið sér saman um skipan ráðsmanna í samræmi við 2. gr. samningsins.

Um almennt hæfi ráðsmanna fer samkvæmt 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga og 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Um sérstakt hæfi ráðsmanna fer samkvæmt II. kafla stjórnsýslulaga.

Ráðsmenn umdæmisráðs skulu gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem þeir verða áskynja um við störf sín og leynt á að fara. Ráðsmenn skulu gæta ákvæða um trúnaðar- og þagnarskyldu sem sett eru fram í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og öðrum þeim lögum og reglum sem við geta átt.

Umdæmisráð fer með afmarkað hlutverk samkvæmt barnaverndarlögum sem felst í því að taka eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði, sbr. 3. mgr. 13. gr. barnaverndarlaga og 3. gr. samningsins:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr. barnaverndarlaga.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr. barnaverndarlaga.
3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr. barnaverndarlaga.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr. barnaverndarlaga.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr. barnaverndarlaga.
6. Úrskurði í málum á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga þegar það á við.

Um málsmeðferð fyrir umdæmisráði gilda ákvæði VIII. kafla barnaverndarlaga.

Umdæmisráð er sjálfstætt í störfum sínum og stendur utan við almenna stjórnsýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisráð sér um undirbúning, boðun og skipulag funda ráðsins, ritun fundargerða og úrskurða og frágang mála í kjölfar funda.

Formaður umdæmisráðs hefur yfirstjórn ráðsins með höndum og er tengiliður umdæmisráðs við aðildarsveitarfélög og barnaverndarþjónustu þeirra.

Óski ráðsmaður lausnar úr ráðinu skal hann senda erindi þess efnis til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og skal hann fá lausn að tveimur mánuðum liðnum miðað við næstu mánaðamót á eftir.

Skorti ráðsmann almennt hæfi til setu í ráðinu eða gerist hann brotlegur við það sem fram kemur í skipunarbréfi þessu, ákvæði samnings um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum eða viðeigandi lög geta aðildarsveitarfélög tekið ákvörðun um að víkja honum úr

ráðinu, sbr. og 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga. Slík ákvörðun tekur gildi um leið og viðkomandi ráðsmanni er tilkynnt um hana.

Óski ráðsmaður lausnar eða er vikið úr ráðinu skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir skipa ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins, sbr. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins í samráði við sviðsstjóra velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna.

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hinn 7. nóvember 2022 var samþykkt tillaga um að eftirtaldir einstaklingar yrðu skipaðir ráðsmenn í sameiginlegu umdæmisráði í Kraganum. Sú tillaga var svo staðfest á vettvangi hlutaðeigandi sveitarfélaga og er umdæmisráð því svo skipað:

**Aðalmenn:**

Ómar Örn Bjarnþórsson, lögfræðingur – formaður ráðsins

Laufey Þorvaldsdóttir, félagsráðgjafi

Einar Ingi Magnússon, sálfræðingur

**Varamenn:**

Kolbrún Garðarsdóttir, lögfræðingur

Þóra Kemp, félagsráðgjafi

Eva Sjöfn Helgadóttir, sálfræðingur

Um þóknun, aðbúnað og verkefni vegna starfa þinna fyrir umdæmisráð fer samkvæmt viðauka I við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum.

Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes skipa þig hér með formann umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum.

Skipunartími þinn er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

Kópavogi,

2022

f.h. Garðabæjar

f.h. Hafnarfjarðar

Almar Guðmundsson bæjarstjóri

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

f.h. Kjósarhrepps

f.h. Kópavogsbaðar

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Seltjarnarnessbæjar

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

Pór Sigurgeirsson bæjarstjóri